

**Sp.**

**499. Tillaga**

til þingsályktunar um aukna rjettarvernd fyrir samvinnufjelög landsins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um aukna rjettarvernd til handa samvinnufjelögum landsins, þannig að þau njóti jafnan sömu rjettarverndar eins og einstakir atvinnurekendur eða hlutafjelög í landinu.

#### Greinargerð.

Því hefir verið haldið fram af einstöku lögfræðingum, að samvinnufjelög landsins sjeu rjettlægri en einstakir atvinnurekendur og hlutafjelög, m. a. þannig, að andstæðingar og óvildarmenn fjelaganna geti að ósekju aflutt fjelögin og gert umfangsmiklar tilraunir til að spilla trausti þeirra, án þess að slík framkoma varði sektum, þó að leitað sje úrskurðar dómstólanna. Ennfremur hefir sá af dómurum landsins, sem árlega fellir flesta dóma, talað þannig á Alþingi nú í vetur, að full ástæða er til að ætla, að samvinnufjelögin þurfi aukna rjettarvernd.